

Námskrá

Leikskólans Hlíðarenda



Hafnarfjörður



Formáli

Árið 2011 kom út Aðalnámskrá á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Aðalnámsskráin er ramma um skólastarfið og við gerð námskrárinnar voru þróaðir sex grunnþættir sem mynda kjarna menntastefnunnar og eru þessir grunnþættir læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun. Árið 2023 voru kaflar 7-10 endurskoðaðir í Aðalnámskrá leikskóla.

Hverjum leikskóla er gert að semja skólanámskrá er byggir á grunni Aðalnámskrár en tekur jafnframt til sérkenna og starfshátta hvers leikskóla fyrir sig. Vinna við að endurskoða skólanámskrá Hlíðarenda hófst haustið 2024 og tóku allir starfmenn leikskólans þátt í þeirri vinnu. Við endurskoðun skólanámskrár leikskólans Hlíðarenda var lögð áhersla á að tengja nýja kafla í Aðalnámskrá leikskóla (2023) og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna við áherslupætti leikskólans, sem eru lífsleikni, hreyfing og umhverfismennt. Eitt af meginmarkmiðum námskrárinnar er að nýta reynslu og áhuga barna sem grunn að námi með það að markmiði að styrkja þau sem virka þátttakendur í samfélaginu og í eigin lífi; með því að tengja réttindi barna við daglegar upplifanir þeirra, svo sem valfrelsi, þátttöku, sanngirni og virðingu, skapast merkingarbært samhengi fyrir nám þeirra og dýpri skilningur á því hvernig þau geta nýtt sér réttindi sín í daglegu lífi. Skólanámskrá á að vera raunsönn lýsing á starfi og starfsháttum leikskólans og þeim markmiðum sem við viljum ná og á einnig að gagnast bæði foreldrum og starfsfólki.

Gert er ráð fyrir að skólanámskráin sé endurskoðuð á þriggja ára fresti enda á leikskólastarfi að vera í stöðugri þróun og eðlilegt að opinber gögn gefi sem besta mynd af skólastarfinu á hverjum tíma.

Apríl 2025

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans

Bryndís Guðlaugsdóttir
Leikskólastjóri

Fyrir hönd foreldraráðs

Halldóra Eiríksdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Leikskólinn Hlíðarendi	5
2.1 Starfsfólk leikskóla	5
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	6
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna	6
3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans	7
3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins	8
3.1.1 Lífsleikni	8
3.1.2 Hreyfing	8
3.1.3 Umhverfismennt	9
3.2 Kennsluhættir	9
3.3 Sérfræðiþjónusta	10
3.3.1 Brúin	11
4. Grunnþættir menntunar	11
4.1 Jafnrétti	12
4.2 Læsi	12
4.3 Heilbrigði og velferð	13
4.4 Sjálfbærni	13
4.5 Sköpun	14
4.6 Lýðræði og mannréttindi	15
5. Samþætt og skapandi leikskólastarf	15
6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	16
6.1 Foreldrasamtöl	16
6.2 Samstarf heimilis og leikskóla	17
6.3 Foreldraráð	17
6.4 Foreldrafélag	17
7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	17
8. Mat og eftirlit	18
8.1 Ytra mat á leikskólastarfi	18
8.2 Innra mat á leikskólastarfi	18
9. Heimildaskrá	20

1. Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á.

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

(Lög um leikskóla 2008/90)

Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu leikskóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega og árlega er gefin út starfsáætlun sem gerir grein fyrir starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og menntun barnanna, sem og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans, sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Samkvæmt þessum lögum ber leikskólastjóri ábyrgð á útgáfu og framkvæmd námskrár, sem á að vera í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitarfélagsins. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytinga á skólanámskrá leikskólans. Námskráin er þannig ekki aðeins skjal sem útfærir nám og uppeldi í leikskóla, heldur einnig tæki til að tryggja að allir leikskólar fylgi lagalegum kröfum og stefnum sem miða að velferð og jafnræði allra barna.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 tryggja að þjónusta sem snýr að börnum sé samræmd og samþætt á milli opinberra aðila, þannig að börn og fjölskyldur þeirra fái allar þær upplýsingar og þann stuðning sem þau þurfa. Í samræmi við þessi lög er mikilvægt að leikskólar hafi skýra og samræmda nálgun í vinnu með þjónustu og stuðning við börn. Í námskránni koma jafnframt fram upplýsingar um grunnþætti menntunar og þær stefnur sem leikskólinn starfar eftir, þar á meðal jafnréttisstefna sem stuðlar að jafnrétti allra barna, óháð kyni, fötlun, menningu eða öðrum þáttum. Umhverfisstefna leggur áherslu á að efla umhverfisvitund barna og nýta náttúru og náttúruleg úrræði sem hluta af náminu, á meðan stefna gegn einelti tryggir að leikskólinn sé öruggur staður þar sem öll börn njóta virðingar og jafnræðis. Þá skal einnig virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra eigið líf og velferð. Með því að nýta þessa nálgun og samþætta hana við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er hægt að skapa námskrá sem ekki aðeins styður við þroska barna á líkamlegum og andlegum sviðum, heldur einnig stuðlar að því að börn læri að virða eigin réttindi og réttindi annarra í samvinnu, leik og skapandi umhverfi.

2. Leikskólinn Hlíðarendi

Leikskólinn Hlíðarendi, Úthlíð 1, Hafnarfirði var opnaður 26. mars. 1998. Leikskólinn er staðsettur í útjaðri Setbergshverfisins þar sem stutt er í ósnortna náttúru, móa, hraun, skóg, hella og fleira

Haustið 2019 var húsnæði leikskólans stækkað fyrst og fremst með það að leiðarljósi að bæta starfsmannaaðstöðu. Deildir leikskólans eru fjórar, Birkilundur, Furulundur, Grenilundur og Reynilundur.

Nemendur eru á aldrinum eins árs til sex ára. Leikskólinn er opinn frá kl. 07:30 – 16:30. Dvalartími er breytilegur en í leikskólanum geta verið allt að 84 nemendur samtímis. Lokað er á lögbundnum frídögum en einnig á aðfangadegi og gamlársdegi. Annar lokunartími, þar meðtalin lokun yfir sumartíma, er ákveðinn í fræðsluráði og/eða á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar, sem fer með umsjón og yfirráð yfir faglegu starfi allra leikskóla Hafnarfjarðar. Börn skulu taka samfellt sumarfrí í fjórar vikur á sumarfrístíma og eru leikskólagjöld felld niður í þann tíma. Sex skipulagsdagar eru á hverjum vetri og er leikskólinn lokaður þá daga. Á skipulagsdögum starfa kennarar og annað starfsfólk við endurmenntun og skipulagningu starfsins. Upplýsingar um hvenær skipulagsdagar eru má finna í skóladagatali sem finna má á heimasíðu skólans. Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar og hefur umsjón með rekstri og faglegu starfi leikskólanna. Leikskólinn nýtur þjónustu þróunarfulltrúa leikskóla, sérkennslufulltrúa, sálfræðinga og talmeinafræðings sem starfa við. Fræðsluráð fer með málefni leikskóla Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar og þar sitja fulltrúi foreldra og starfsmanna leikskólanna.

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólki leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samviskusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi,

nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkv. 5. grein laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er faglegur og rekstrarlegur leiðtogi og ber ábyrgð á að móta og leiða þróun metnaðarfulls og faglegs leikskólastarfs. Hann hefur forystu í því að skapa lýðræðislegt og virkt samstarf allra sem starfa innan leikskólans og stuðlar að jafnrétti, velferð barna og uppbyggilegum samskiptum. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að starf leikskólans sé reglulega metið með innra mati og að niðurstöðurnar séu nýttar markvisst til umbóta og þróunar. Hann ber jafnframt ábyrgð á að starfsfólk hafi tækifæri til símenntunar og markvissrar starfsþróunar í takt við þarfir og áherslur leikskólans.

Það er einnig á ábyrgð leikskólastjóra að tryggja að starf leikskólans sé í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla, sem og viðeigandi lögum og reglugerðum sem gilda um leikskólastarf, ásamt stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90, Aðalnámskrá leikskóla, 2011, Skólastefna Hafnarfjarðar, 2009, Mannauðsstefna 2011).

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennari gegnir lykilhlutverki í að leiða leikskólastarf með það að markmiði að efla nám og vellíðan barna. Kennarinn aðlagar námsvið leikskólans að áhugasviði og þroska barna og vinnur að samþættingu leiks við námsvið og grunnþætti menntunar. Hann hefur yfirsýn yfir hvar og hvernig nám á sér stað í leik og styður við markvisst og meðvitað nám barnanna með hliðsjón af menntastefnu og markmiðum leikskólans. Leikskólakennari hefur yfirsýn yfir almenna færni og nám barna og gegnir leiðandi hlutverki í því að efla nám þeirra með virkri þátttöku í leik. Hann er til staðar, tekur þátt í leik barna, styður við hann og kennir börnum að leika sér þegar þess gerist þörf. Sérstök áhersla er lögð á að styðja við yngstu börnin þegar þau stíga sín fyrstu skref í leik með öðrum, með hliðsjón af færni þeirra og tjáningarmáta.

Mikilvægt er að kennarinn skrái og ígrundi leik barna og tengsl þeirra við önnur börn, fullorðna og umhverfi sitt í gegnum leikinn. Hann greinir stöðu barna í hópnum og bregst við valdaójafnvægi í samskiptum eða stöðu barns í leik með öðrum. Leikskólakennari velur fjölbreyttar námsleiðir og vinnubrögð sem stuðla að skapandi og ígrundandi hugsun og hvetja börn til sjálfstæðra vinnubragða. Hann skapar börnum tækifæri til að undrast og upplifa heiminn á eigin forsendum, og er meðvitaður um hvernig kynjun og fjölmennning birtast í leik barna og bregst við því á faglegan hátt. Kennarinn leggur grunn að íslenskunámi barna og veitir þeim ríkuleg tækifæri til að efla málfærni sína í leik og daglegu starfi. Hann ber jafnframt virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og vinnur að því að styðja við móðurmál barna og styðja við virkt fjöltyngi í leikskólastarfinu.

Sem faglegur leiðtogi ber leikskólakennari ábyrgð á að skapa aðstæður sem styðja við opið og sveigjanlegt skipulag þar sem börn fá nægjanlegt rými og samfelldan tíma til að leika sér, dýpka leikinn og fylgja eigin áhuga. Hann stuðlar að því að börn geti byggt nám sitt á fyrri reynslu og þekkingu og tryggir að leikumhverfið bjóði upp á fjölbreyttan efnivið og aðgengi að ólíkum leiðum til að vinna úr hugmyndum, rannsaka, finna lausnir, tjá sig og skapa. Leikskólakennari styður við fullgildi barna í leik, þar sem þau upplifa gleði, tengsl og virðingu. Hann vinnur markvisst að því að skapa góð leikskilyrði þar sem vináttu barna, menning þeirra og tilfinningar fá að njóta sín, og stuðlar að faglegri umhyggju og nánu samstarfi barna og fullorðinna í leik.

Starfsfólk leikskólans gegnir lykilhlutverki í að skapa öryggi, vellíðan og hvetjandi námsumhverfi fyrir börnin. Mikilvægt er að sýna börnum virðingu og tala við þau með skýru og fjölbreyttu máli sem stuðlar að málþroska og virkri þátttöku. Starfsfólk tekur mið af ólíkum tjáningarmátum barna í leik og skapar rými fyrir fjölbreyttan leik þar sem börn fá að tjá sig á eigin forsendum. Opin samskipti eru lykilatriði og því er lögð áhersla á að spyrja börn opinna spurninga, hlusta af einlægni og skrá það sem þau eru að fást við, sem og túlkun þeirra á leiknum. Viðhorf starfsfólks einkennast af jákvæðni gagnvart fjölbreytileika og þeirri sannfæringu að öll börn eigi rétt á að tilheyra leikskólasamfélaginu á eigin forsendum. Einnig er mikilvægt að taka nýjungum á sviði miðla og tækni með opnum en gagnrýnum huga og nýta þær á skapandi hátt í leik og námi barna. Starfsfólk er vakandi fyrir þeim tækifærum sem skapast í leik barna og nýtir þau til að kveikja áhuga, styrkja námsferli og efla leikinn sem lærdómsleið.

Auk þess fylgist starfsfólk með námi, styrkleikum og áhugasviði barna í leik og styður við og eflir jákvæð samskipti þeirra. Það hefur frumkvæði að því að virkja öll börn til þátttöku og tryggja að þau eigi kost á að taka þátt í leik með öðrum. Loksins er það hlutverk starfsfólks að taka virkan þátt í leik barna á þeirra eigin forsendum, með virðingu og næmni fyrir þeirra þörfum og áhuga (Aðalnámskrá, 2011/nýju kaflarnir 2023).

3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans

Hlutverk leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Við skipulag leikskóla-starfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna og kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og síðast að því að styðja börnin í námi sínu. Leikskólaskólastarf og nám, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan náms sviða og það fléttað saman við náms sviðin (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Til að öðlast fjölbreytilega hæfni eiga leikskólabörnum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi og daglegu lífi. Í öllu leikskólastarfi þarf að styrkja börn til að temja sér námshæfni þar sem hún er undirstöðupáttur í öllu leikskólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur í

sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Náms hæfni byggist á eðlislægri forvitni barna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt og því er mikilvægt að námsumhverfi í leikskólum sé örvandi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í Hlíðarenda eru grundvöllur uppeldisstarfsins kenndur við hugmyndafræði uppeldisfrömuðarins John Dewey (1859-1952) sem lagði megináherslu á að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Fleyg orð Deweys „learning by doing“ að læra með því að framkvæma, urðu að einkunnarorðum Framfarastefnunnar. Uppeldi á að stuðla að eðlilegri samvirkni milli barns, uppalanda, uppeldisumhverfis og samfélags. Framfarastefna gerir ráð fyrir að þróun mannsins fari fram sem stöðug raðkvæm og stigbundin framvinda frá einu þroskastigi til annars. Markmið uppeldisins er að örva þessa stigbundnu þróun frá þroskastigi til þroskastigs (Clark, 2010; Elva Önundardóttir, 2010; Jóhanna Einarsdóttir, 2010).

3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins

Hlutverk leikskóla er að stuðla að heildstæðum þroska barna þar sem uppeldi, umönnun og menntun fléttast saman í eitt samvirkt starf. Í leikskólanum Hlíðarenda hefur starfsfólk sammælt um að leggja sérstaka áherslu á **lífsleikni, hreyfingu og umhverfismennt**, en þessir þrír þættir eru jafnframt samofnir grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Leitast er við að skapa lærdómsríkt, örvandi og ánægjulegt umhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Leiðarljós leikskólans endurspeglast í einkunnarorðunum *virðing – virkni – vinátta*, sem móta allt starf og samskipti innan leikskólans.

3.1.1 Lífsleikni

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barnsins, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu (Aðalnámskrá, 1999, bls. 16). Lífsleikni er einn af megináhersluþáttum leikskólans Hlíðarenda og fléttast inn í allt daglegt starf með það að markmiði að efla og stuðla að jafnvægi milli hinna ýmsu þroskaþátta barnsins, þar sem siðgæðis-, tilfinninga- og félagsþroski gegna lykilhlutverki. Lögð er áhersla á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barnsins, efla hæfni þess til að tjá hugsanir og skoðanir, taka ábyrgð á eigin gerðum og umhverfi og taka þátt í margvíslegum samskiptum og ákvörðunum á málefnalegan og lýðræðislegan hátt. Þá er einnig mikilvægt að þjálfva börn í að geta sett sig í spor annarra, sýna tillitsemi og bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og reglum samfélagsins.

Í 29. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að menntun barna skuli miða að því að stuðla að þroska persónulegra, andlegra, félagslegra og siðferðislegra hæfileika þeirra, og að byggja upp virðingu fyrir mannréttindum, fjölmenningu og friði. Með því að leggja áherslu á sjálfstæði, virðingu og réttindi barna í gegnum leik og lífsleikni, stuðlum við að því að þau þroski persónulega hæfileika sína og byggi upp félagsfærni, ábyrgðartilfinningu og dýpri skilning á mikilvægi mannréttinda og réttlætis í samfélaginu.

3.1.2 Hreyfing

Markmið með hreyfingu í leikskólastarfinu er að efla hreyfiþroska, styrkja sjálfstraust og skynjun barnsins á eigin líkama, fullnægja hreyfiþörf þess og stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan. Jafnframt er lögð áhersla á að auka skilning barna á mikilvægi hreyfingar sem hluta af heilbrigðum lífsstíl og daglegu lífi. Hreyfing fléttast inn í allt starf leikskólans, hvort sem er í samverustundum, hópastarfi eða frjálsum leik, og í hverri viku fær hvert barn markvissa hreyfistund í sal leikskólans.



Yfir vetrartímann fá elstu börnin einnig tækifæri til að nýta íþróttasal Setbergsskóla aðra hverja viku, og að sumri til stendur öllum nemendum til boða að taka þátt í morgunhlaupi í leikskólagarðinum, þegar veður leyfir. Staðsetning leikskólans býður upp á einstakt aðgengi að ósnortinni náttúru, þar sem börnin fá tækifæri til að klifra, hoppa, hlaupa, æfa jafnvægi og ganga um mólendi og hraun – allt sem eflir bæði hreyfifærni og tengsl við náttúruna.

Í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á fjölbreytileika í hreyfingu sem leið til að fræða börn um mikilvægi þess að virða sérkenni og ólíkar þarfir annarra. Slíkt styður við rétt barna til mannsæmandi lífskjara og til að þroska persónulega getu sína. Með því að beina sjónum að áhrifum eigin hreyfingar og lífsstíls á umhverfið og aðra, öðlast börn skilning á ábyrgð, vellíðan og heilbrigðum venjum. Þetta fellur einnig undir ákvæði Barnasáttmálans sem kveða á um rétt barna til líkamlegs heilbrigðis og að fá tækifæri til að lifa heilbrigðu og virku lífi.

3.1.3 Umhverfismennt

Markmið umhverfismenntar í leikskólanum Hlíðarenda er að efla virðingu barna fyrir náttúrunni og stuðla að góðri umgengni við hana. Til þess að ná þessu markmiði er mikilvægt að vekja áhuga barna á umhverfinu og náttúrunni og tengja þau við lífsgildi sem stuðla að sjálfbærri þróun. Leikskólinn er staðsettur í útjaðri byggðar, með mikilli nálægð við ósnortna náttúru, sem nýtist vel í daglegu starfi. Starfsmenn leikskólans nýta nánasta umhverfi í sem mestu mæli til náms og kynnisferða. Börnin fá tækifæri til að upplifa náttúruna í sinni dýpstu mynd, með verkefnum eins og að sulta í lækjum, fara í skóg, tína ber, brölta í móum og hrauni, heimsækja hesta og margt fleira.

Að auki hefur leikskólinn alltaf lagt áherslu á að efla umhverfisvitund, og árið 2008 fékk Hlíðarendi Grænfánann í fyrsta sinn, sem viðurkenningu fyrir vel útfærð verkefni sem stuðla að því að efla vitund nemenda, starfsmanna og foreldra um umhverfismál og umhverfisstefnu. Endurvinnsla og flokkun eru mikilvægir þættir í daglegu starfi leikskólans, og því er lögð áhersla á að börnin kynnist þessum þáttum. Allt sorp sem til fellur innan leikskólans er flokkað og börnin taka virkan þátt í því og lífrænn úrgangur fer í jarðvinnslugám til moltugerðar, sem síðan er nýtt sem næring fyrir gróður leikskólans. Notaður pappír er einnig enduruninn og pappírsgerð er fastur liður í leikskólastarfinu. Allt annað sem ekki nýtist fer í endurvinnslu.

Samkvæmt Barnasáttmálanum Sameinuðu þjóðanna er réttur barna til heilbrigðs og öruggs umhverfis grundvöllur fyrir öllum námsferlum tengdum umhverfismennt. Með því að virða náttúruna og skilja mikilvægi umhverfisverndar tengja börn réttindi sín við sjálfsbjargargetu og lífsgæði. Samkvæmt 24. grein Barnasáttmálans eiga börn rétt á líkamlegu heilbrigði og að lifa í umhverfi sem stuðlar að góðri velferð þeirra. Með því að nýta leik sem námsleið, þar sem börnin skoða umhverfismál eins og endurvinnslu, vatn og jarðveg, geta þau lært hvernig þau sjálf geta haft jákvæð áhrif á umhverfið. Þá eru börn einnig að læra að verja réttindi sín og annarra með því að skilja áhrifin sem okkar eigin hegðun hefur á náttúru og samfélag.

3.2 Kennsluhættir

Á fyrstu æviárunum er leikur mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins og grunnurinn að kennsluháttum leikskólans. Sú reynsla og þekking sem barnið öðlast í gegnum leik er mikilvægur undirbúningur fyrir framtíð þess. Leikur barna einkennist af innri áhuga þar sem þau sjálf ákveða reglur leiksins. Í leik tjáir barnið tilfinningar sínar og þarfir, sýnir skilning sinn á umheiminum og vinnur úr eigin reynslu og upplifunum. Leikurinn gegnir einnig mikilvægu

félagslegu hlutverki, þar sem börn þróa félagsleg tengsl við önnur börn í gegnum samskipti og samvinnu. Leikurinn er ekki aðeins tækifæri fyrir börn til að læra um umhverfi sitt, heldur einnig til að kynnst eigin réttindum og réttindum annarra. Í gegnum leikinn geta börn lært um sjálfstæði, virðingu og samvinnu. Þau fá tækifæri til að taka ábyrgð á ákveðnum hlutverkum og vinna saman að verkefnum sem krefjast samvinnu. Í hlutverkaleikjum læra börn að virða skoðanir og þarfir annarra, taka ákvarðanir sem hafa áhrif á aðra og nýta rödd sína á virðingarfullan hátt. Leikir sem krefjast samvinnu og valdeflingu hjálpa börnum að þróa sjálfstæði, ábyrgð og virðingu fyrir öðrum, en einnig að skilja hvernig ákvarðanir þeirra hafa áhrif á samfélagið í heild.

Í leikskólanum Hlíðarenda er lögð mikil áhersla á að börnin fái nægan tíma til frjálsra leikja í hvetjandi námsumhverfi, þar sem þau hafa tækifæri til að þróa sjálfstæði og virðingu fyrir skoðunum annarra. Við val á leikmunum er tekið sérstaklega tillit til fjölbreytni og örvandi eiginleika þeirra til að auðga leikinn. Börn leika sér vegna innri áhuga og á eigin forsendum, en það er einnig mikilvægt að starfsfólk sé til staðar og styðji við leikinn eftir þörfum. Starfsfólk er vakandi fyrir áhuga barnanna og tekur þátt í leiknum á þann hátt sem hentar þeim best. Þar með er stuðlað að því að börn læri að nýta rödd sína til að tjá skoðanir sínar, þannig að þau verði meðvitaðri um réttindi sín til að hafa áhrif á umhverfi sitt og menningu.

Í útiveru leikskólans gefast mörg tækifæri til frjálsra leikja, þar sem börnin hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið sem stuðlar að þróuðum leik og sjálfstæðum valmöguleikum. Kennslufræðilegur leikur er annar og jafnframt markvissari leikur þar sem leikurinn og námsmarkmið eru sameinuð. Í þessum leik er leitast við að tengja frjálsan leik við þau markmið sem miða að því að byggja upp þekkingu og félagsfærni barna á merkingabæran hátt. Leikurinn veitir börnunum ánægju og með því að tengja leikinn við námsmarkmið er verið að þróa jákvætt viðhorf til náms og styrkja sjálfsmynd þeirra í námsferlinu.

Á þennan hátt stuðlum við að því að börn læri ekki aðeins að virða eigin réttindi, heldur einnig hvernig þau geta haft áhrif á umhverfi sitt og samfélagið með ábyrgð og virðingu. Leikur sem námsleið veitir börnum dýrmæta reynslu af því hvernig þau geta verið virkir þátttakendur í samfélagi þar sem réttindi þeirra eru viðurkennd og virðing fyrir öðrum er í hávegum höfð.

3.3 Sérfræðipjónusta

Samkvæmt 21. gr. laga um leikskóla og einnig í reglugerð nr. 584/2010 kemur fram að sveitarfélög skuli reka sérfræðipjónustu fyrir leikskóla. Í henni felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010).

Í Hlíðarenda er sérkennslustjóri sem hefur umsjón með sérkennslu og sér um skipulagningu, framkvæmd og endurmat á henni, í samráði við leikskólastjóra og deildarstjóra. Sérkennslustjóri er einnig tengiliður farsældar. Hann er í samskiptum við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa ásamt deildarstjóra viðkomandi barns. Ef ástæða þykir er unnið eftir úrræðalista Hlíðarenda sem má finna á heimasíðu leikskólans. Ef, að þeirri vinnu lokinni, er talin ástæða til eru lagðir þroskalistar fyrir barnið í samráði við foreldra og í framhaldi af því er málinu vísað til Brúarteymis leikskólans (sjá nánar um Brúarteymi og Brúna hér fyrir neðan), þ.e.



talmeinafræðings, sálfræðings, sérkennsluráðgjafa og svo framvegis, ef þörf krefur. Sérkennslustjóri fylgir hverju máli eftir í samvinnu við foreldra og starfsfólk leikskólans. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þarfnast sérstakrar kennslu eða stuðnings á ákveðnum sviðum og eru þær unnar af sérkennslustjóra í samráði við deildarstjóra og starfsfólks sérkennslu. Allir þeir sem koma að vinnu með barninu nota einstaklingsnámskrá sem leiðarvísir sér til stuðnings. Með einstaklingsnámskrá er hægt að setja inn markmið og meta árangur og framfarir barnanna og er námsskráin endurmetin reglulega.

Mikilvægt er að tryggja að öll börn með einhvers konar frávík í þroska fái sérúrræði og aðstoð með markvissum aðgerðum í leikskólanum. Snemmtæk íhlutun skiptir miklu máli í þessu samhengi. Hér er átt við að bregðast strax við ef foreldrar eða starfsfólk leikskólans telja ástæðu til varðandi þroska barna. Sýnt hefur verið fram á að hægt er að ná góðum árangri ef barnið fær stuðning og kennslu við hæfi eins snemma og unnt er. Oft er um að ræða einstaklingsvinnu eða hópavinnu fárra barna ef það er það sem hentar barninu best. Mikilvægt er að gæta þess að barnið einangrist ekki, heldur aðlagist barnahópum á deildinni en hér þarf að meta stöðu og getu barnsins í hverju tilfelli fyrir sig. Sérkennsla fléttast því inn í daglegt starf barnsins og verður þannig eðlilegur þáttur í leikskólastarfinu.

Að vori fara fram skólaskil milli leikskóla og grunnskóla. Þar er upplýsingum um börn sem hafa notið stuðnings og/eða sérkennslu komið áfram til grunnskólans. Einnig er upplýsingum sem talið er nauðsynlegt að starfsfólk grunnskóla fái vitneskju um er varðar önnur börn sem ekki falla undir sérkennslu komið til skila. Skólaskil fara einungis fram í samráði við foreldra.

3.3.1. Brúin

Hafnarfjarðarbær hefur þróað verklag með það að markmiði að samþætta þjónustu og efla stuðning við börn í leik- og grunnskólum. Verklagið felur í sér samvinnu sérfræðinga af mennta- og lýðheilsusviði og af fjölskyldu- og barnamálasviði og leggur áherslu á þjónustu á fyrri stigum. Brúarteymi er teymi fagfólks af fyrrnefndum sviðum sem og leikskólans sem koma að málefnum barna sem þurfa aukinn stuðning. Í brúarteymi Hlíðarenda sitja aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri auk tveggja ráðgjafa, annars vegar frá mennta- og lýðheilsusviði og hins vegar frá fjölskyldu- og barnamálasviði. Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna til stuðnings barninu og fjölskyldu þess. Brúarteymi fjallar um nám, hegðun, þroska og/eða líðan barns með samþykki foreldra og viðunandi úrræði eru svo virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Dæmi um úrræði er að vísa barninu til talmeinafræðings vegna gruns um frávík í málþroska, til sálfræðings vegna mats á þroska eða til ráðgjafa sem aðstoðar foreldra og forráðamenn með uppeldishlutverkið.

4. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpun eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er að aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir

eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 14).

4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. (Aðalnámskrá, 2011, bls. 19 - 20).

Jafnrétti felur í sér að öll börn njóti réttinda óháð kyni, tungumáli, trú, ætterni, fötlun, félagslegri stöðu, aldri eða búsetu, og að skoðanir þeirra séu metnar í samræmi við aldur og þroska. Í leikskólanum Hlíðarenda er lögð áhersla á að allir fái að njóta sín á eigin forsendum og að jafnrétti sé viðhaft í öllum samskiptum. Lífsleikni er áherslupáttur þar sem forvarnarverkefnið *Vinátta*, byggt á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, er notað til að kenna börnum samkennd og jafnrétti. Einnig er fylgst með samskiptum barnanna í leik og daglegu starfi til að tryggja jafnvægi og jafnrétti í samskiptum. Í samverustundum eru börnunum kynnt ólík samfélög, hefðir og menningarlegur fjölbreytileiki, sem eykur skilning þeirra á fjölbreytileika. Einnig er vandað val á bókum og söngtextum til að sýna þau viðhorf sem við viljum efla í dag. Leikurinn er mikilvægasta þroskaleið barna, þar sem þau læra að virða reglur og óskir annarra, sem stuðlar að jafnrétti.

4.2 Læsi

Læsi er félagslegt ferli sem byggir á samkomulagi manna um málnotkun og merkingu orða. Það er ekki aðeins færni sem einstaklingar öðlast óháð stað og tíma, heldur ferli sem þróast frá frumbersku og undirbýr grunnskólalestrarnám. Læsi felur í sér færni í að skynja, skilja og miðla með tungumálinu og að bregðast á skapandi hátt við því sem börnin lesa (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Málþroski er grundvöllur lesskilnings og lykill að námsframvindu, byggir á félags- og vitsmunaproska og felur í sér þekkingu á ritmáli, hljóðkerfisvitund og bókstafaþekkingu. Í leikskólanum Hlíðarenda er lögð áhersla á að örva læsishegðun og málþroska barna með því að styðja frumkvæði þeirra og bjóða upp á fjölbreyttan læsis- og málörvandi efnivið. Starfsfólk nýtir námstækifæri í leik og daglegu starfi til að hvetja börn til að þróa málskilning og skapa jákvæðar samskiptaleiðir. Við vinnum samkvæmt læsisstefnu Hafnarfjarðar, *Lestur er lífsins leikur*, og notum skimunarpróf eins og Orðaskil sem foreldrar fylla út þegar börnin eru 2 ára og 3 ára og HLJÓM-2 fyrir 5 ára börn til að meta málþroska og læsi. Við leggjum áherslu á að bæta orðaforða, hugtakaskilning og styrkja tjáningu barna, og skapa námsumhverfi sem styður við forvitni og málörvun.

Unnið er með Orðaspjall til að auka orðaforða barna með því að vinna sérstaklega með orð úr bókum. Börn eru hvött til að spyrja og ræða um efni bókanna og nýta vettvangsferðir til að bæta málskilning. Einnig er unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein* til að efla hljóðkerfisvitund og orðaforða barna í gegnum tónlist, hreyfitákn og myndskreyttar sögur. Með þessum nálgunum stefnum við að því að börn í Hlíðarenda fái styrka mál- og læsisfærni sem stuðlar að áframhaldandi þroska þeirra.

4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúið að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 21).

Börn verja stórum hluta dagsins í leikskóla og því er mikilvægt að umhverfið stuðli að vellíðan, öryggi og jákvæðum þroska. Í Hlíðarenda ríkir ró og friður þar sem börnum er sýnd virðing, umhyggja og ástúð. Lögð er áhersla á að börnin njóti þess að vera í núinu og upplifi leikskólann sem öruggt og hlýlegt umhverfi.

Leikskólaaldurinn er grundvöllur sjálfsmyndarmyndunar og þróast hún í samskiptum við aðra. Í Hlíðarenda er hvatning, athygli og verðskuldað hrós nýtt markvisst til að styrkja jákvæða sjálfsmynd barna. Leikur er kjarninn í námi barna. Í hlutverkaleik læra þau að hlusta, tjá sig, virða sjónarmið og komast að samkomulagi – færni sem styrkir samskipti og félagsþroska. Hreyfing er einnig mikilvæg og í Hlíðarenda er boðið upp á fjölbreytta og krefjandi hreyfingu bæði inni og úti, meðal annars með útivist í náttúru leikskólans.

Hvíld er nauðsynleg, sérstaklega þegar börn dvelja lengi saman yfir daginn. Eftir hádegismat hvílast yngstu börnin með svefni, en þau eldri fara í slökun við tónlist eða sögur.

Matartímar eru notalegir og fræðandi, þar sem börn eru hvött til að smakka nýjan mat, æfa borðsiði og taka þátt í líflegum samræðum. Hreinlæti er einnig stór hluti af daglegu starfi og börnin taka virkan þátt í frágangi, handþvotti og umgengni, sem eflir sjálfstæði og ábyrgðartilfinningu.

4.4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 18).

Umhverfislæsi er nýlegt hugtak í íslenskri menntun en er mikilvægur þáttur í menntun til sjálfbærni. Til að börn læri að lesa í umhverfi og samfélag þurfa þau tækifæri til að upplifa, skoða og skilja umhverfi sitt. Í Hlíðarenda er lögð mikil áhersla á útivistar-, göngu- og vettvangsferðir þannig að börnin kynnist því umhverfi sem þau eru hluti af og læri að lesa það. Í þessum ferðum öðlast börnin reynslu af umhverfinu gegnum eigin upplifanir og auka þekkingu sína og skilning á náttúrunni og mikilvægi náttúruverndar. Í útinámi fræðast börnin einnig um alls kyns plöntur, skordýr og fugla og læra að bera virðingu fyrir öllu því sem náttúran hefur að geyma. Markmið með sjálfbærnimenntun er m.a. að þroska nemendur til að axla ábyrgð á tilveru sinni og búa yfir þekkingu til að sjá afleiðingar gjörða sinna á komandi kynslóð. Einnig að kenna nemendum að vera gagnrýnir og ábyrgir einstaklingar sem láta sig umhverfið varða og hafa góða þekkingu á eigin nærsamfélagi. Önnur markmið eru að börnin

fái að taka þátt í ákvörðunum í samráði við aðra um margvísleg málefni sem hafa áhrif á samfélagið og nærumhverfið þeirra og að efla orðaforða barnanna og skilning í tengslum við sjálfbærni.

Árið 2008 fékk Hlíðarendi afhentan Grænfánann í fyrsta sinn og hefur fengið hann átta sinnum síðan. Fáninn er tákn um virka umhverfismennt og umhverfisstefnu í skólum. Umhverfismennt er einn af áherslupáttum leikskólans og er m.a. er lögð áhersla á að kenna börnunum mikilvægi flokkunar sorps og endurvinnslu.

4.5 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að í grundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 22).

Hugmyndin um skapandi kennslu byggir á kenningum Deweys, þar sem áhersla er lögð á hlutverk kennarans sem leiðbeinanda og stuðningsaðila í þekkingarleit barna. Kennarinn virkir börnin með spurningum og innlögnum sem hjálpa þeim að nýta eigin hugmyndaflug og þróa nýja þekkingu (Clark, 2010; Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Skapandi kennsla nýtir sköpunarkraftinn og sveigjanlega kennsluaðferðir til að gera námsefnið bæði áhugavert og árangursríkt. Börnin eru virkjað til sjálfstæðrar hugsunar og ákvörðunar, þar sem ferlið sjálft er jafn mikilvægt og útkomunni.

Í Hlíðarenda er markmiðið með skapandi námi að örva frumkvæði, styrkja sjálfstæði og efla gagnrýna hugsun barnanna. Starfsfólk og börn velja námsleiðir saman sem stuðla að skapandi vinnubrögðum og áherslu á ferlið. Börn eru hvött til sjálfstæðis í lausnar- og þekkingarleit, þar sem kennarinn leiðbeinir, en gefur ekki bein svör.

Skapandi starf í Hlíðarenda fer fram í gegnum frjálsan leik, þar sem börnin nýta ímyndunarafl, samvinnu og sjálfstæði. Börn fá einnig að nálgast verkefni á eigin forsendum með opnum efniviði, eins og einingakubbum og leikdeigi, og vettvangsferðir eru nýttar til uppgötvunar náms. Listir eru stór þáttur í skapandi námi, og börnin fá tækifæri til að prófa ýmsar listgreinar, bæði í hóp- og frjálsum leik. Mikil áhersla er lögð á ferlið sjálft, þar sem sköpunin felst í að prófa og gera tilraunir með efni eins og vatnsliti, leir og hljóðfæri.

Tónlist og leikræn tjáning eru einnig mikilvægir þættir í námi og þroska barna. Tónlistariðkun hjálpar börnum að þróa næmni fyrir hljóðum, hreyfingu, hrynjandi og tungumáli. Reglulegar söngstundir með hreyfingum og tónlist eru haldnir þar sem börnin fá tækifæri til að tjá sig í gegnum tónlist og frjálsa skapandi tjáningu.



4.6 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Lýðræði er mikilvægt á vettvangi leikskólans. Í fyrsta lagi þurfa leikskólar að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa leikskólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Í ljósi þess þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 19).

Með lýðræðisleg vinnubrögðum í starfi með börnum í Hlíðarenda er lagður grundvöllur að því að börnin verði sjálfstæðir virkir og ábyrgir þátttakendur í þjóðfélaginu. Sá mannskilningur er hafður að leiðaljósi í uppeldisstarfinu að barnið læri í samskiptum við umhverfið að hafa áhrif og rétt til að móta það. Hlutverk hins fullorðna er að skapa barninu tækifæri til aukins þroska. Áhersla er lögð á að nýta þann mannauð sem starfsmenn leikskólans hafa upp á að bjóða þannig að hver og einn fái að njóta sín og hækni sinnar til að auðga starfið í samræmi við starfsgrundvöll leikskólans og áherslupætti. Á eldri deildunum skiptast börnin á að vera þjónar, þau leggja á borð, sækja matinn og bjóða til borðs og er þetta mikils metið starf. Starfandi er umhverfisnefnd barna sem kemur saman einu sinni í mánuði. Í nefndinni eru börn í elsta árgangi leikskólans og á fundum umhverfisnefndar er fjallað um umhverfismál. Þar fer fram fræðsla og fram koma hugmyndir og ábendingar frá börnunum um hvað má betur fara og hvað við höfum gert vel.

Lýðræðislegar kosningar fara fram í fyrsta hópavinnutíma á haustin þegar börnin velja nafn á hópinn sinn og einnig eru kosningar að vori hjá útskriftarhóp leikskólans þar sem hann velur nafn á „bæinn sinn“ sem er lokaverkefni útskriftarbarnanna. Í leikskólanum er lögð áhersla á gott samstarf milli foreldra, barna og starfsfólks þar sem raddir allra sem koma að leikskólanum fá að heyrast.

5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og tengjast námsþættir inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna. Náms svið leikskólans eiga að:

- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- stuðla að því að starf leikskóla einkennist af inngildandi hugarfari og starfsháttum,



- vera samþætt leik barna og hvetja þau til sjálfsþróttins leiks,
- taka mið af margbreytileika barna,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði,
- byggjast á áhuga, hugmyndum, reynslu og þátttöku barna,
- vera samofin daglegu starfi leikskóla,
- taka mið af aldri, færni og þekkingu barna,
- stuðla að því að nám barna fari fram í samvinnu og samstarfi við önnur börn og fullorðna,
- efla trú barna á eigin getu,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd barna og þekkingu þeirra á eigin tilfinningum,
- stuðla að sjálfstæði, sjálfræði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- efla fjölskyrnun í leik,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og að spyrja spurninga,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu barna, starfsfólks og foreldra,
- taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna.

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Markmið með foreldrasamstarfi er að stuðla að góðu samstarfi milli heimilis og leikskóla.

Mikilvægt er að góð samvinna og traust sé milli foreldra og starfsfólks sem og gott upplýsingastreymi sé til staðar til að stuðla að vellíðan og velgengni barnanna. Gott upplýsingastreymi þarf að eiga sér stað milli þessara aðila til að samskipti verði sem ánægjulegust. Við viljum að foreldrar finni að þeir eru velkomnir í leikskóla barnsins. Leikskólinn er alltaf opinn foreldrum og þeim er velkomið að koma og fylgjast með starfi og leik, einnig að hringja og spyrjast fyrir um líðan barnsins. Áhersla er lögð á dagleg samskipti við alla foreldra. Upplýsingum til foreldra er miðlað munnlega, með skriflegum upplýsingum á hverri deild, á upplýsingatöflu, með tölvupósti og á heimasíðu leikskólans.

6.1 Foreldrasamtöl

Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 49). Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári þar sem foreldrum gefst kostur á einkasamtali við leikskólakennara þar sem rætt er um líðan, nám og þroska barnanna heima og í leikskólanum. Foreldrar og leikskólakennarar geta óskað eftir fleiri samtölum finnist þeim þörf á. Foreldrar eru ávallt velkomnir inn á deildir barna sinna og eru hvattir til að gefa sér tíma með börnunum í leik og starfi.

6.2 Samstarf heimilis og leikskóla

Foreldrar bera ábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Góð samvinna og traust milli foreldra og starfsmanna er undirstaða þess að barninu líði vel í leikskólanum. Starfsfólk leikskólans er sveigjanlegt í samskiptum og kemur til móts við óskir foreldra eins og unnt er. Mikilvægt er að upplýsingarflæði frá leikskólanum sé gott til að foreldrar geti fylgst með því sem þar fer fram og hvað barnið þeirra er að gera hverju sinni. Fjölskyldan og leikskólinn eru samstarfsaðilar og hvatt er til þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Í leikskólanum er opið hús þrisvar á ári. Á degi leikskólans 6. febrúar býður foreldrafélag leikskólans fjölskyldum barnanna í vöfflukaffi. Í júní heldur foreldrafélagið sumarhátíð og í desember koma fjölskyldur barnanna og mála piparkökur í leikskólanum.

6.3 Foreldraráð

Foreldraráð er starfrækt við leikskólann en samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla, 2008/90 skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í foreldraráð. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráðinu. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð gerir í samvinnu við leikskólastjóra starfsáætlun fyrir hvert ár í senn og áætlun um a.m.k. tvo sameiginlega fundi á skólaárinu. Á þeim fundum skal leikskólastjóri veita upplýsingar varðandi starfsemi, skólahald, helstu breytingar og þróun leikskólastarfs á ári hverju.

6.4 Foreldrafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um leikskóla, 2008/90 skal leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði. Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og merkja foreldrar við í dvalarsamningi hvort þeir vilja vera í félaginu eða ekki. Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi sem haldinn er að hausti ár hvert. Fulltrúar skulu vera tveir frá hverri deild og einnig situr í stjórn fulltrúi starfsmanna sem er tengiliður milli stjórnar og leikskólans. Foreldrafélagið stendur fyrir eða tekur þátt í árvissum viðburðum s.s. fyrirlestri, opnu húsi í tengslum við Dag leikskólans, sumarhátíð og sveitaferð.

7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri (Aðalnámskrá bls. 50).

Gott samstarf á milli skólastiga er mikilvægt til þess að flutningur barnanna úr leikskóla í grunnskóla verði farsæll. Hlíðarendi er í góðu samstarfi við Setbergsskóla og fara elstu börnin í þrjár heimsóknir þangað síðasta skólaárið sitt í leikskólanum.. Markmið þessara heimsókna er að auðvelda barninu breytingar er verða á námi þess og skólalífi þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla.

Elstu nemendur Hlíðarenda kynnast einnig skólanum í gegnum reglulegar heimsóknir í bókasafn og íþróttasal Setbergsskóla sem standa yfir allan veturinn.

8. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 26 -27, 54).

8.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra matið sem á að felast í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með marvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfskannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 28 og 55).

8.2 Innra mat á leikskólastarfi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að innra mat eigi að tengjast markmiðum skólanámskrár og aðferðir matsins skuli miðast við þau viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni. Matinu er ætlað að vera hluti af daglegu starfi og ná til allra þátta skólastarfsins, svo



sem stjórnunar, kennsluhátta og samskipta. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í matsferlinu. Markmið innra mats er að veita yfirsýn yfir styrkleika og þá þætti sem þarfnast umbóta. Út frá niðurstöðum er sett fram umbótaáætlun með skýrum aðgerðum. Leikskólinn birtir árlega upplýsingar um niðurstöður og umbótaráætlanir í starfsáætlun sinni.

Innra mat byggist á faglegri ígrundun og greiningu á gögnum og svörum við eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað getum við bætt?
- Hvernig ætlum við að gera það?

Í Hlíðarenda er stöðugt símat hluti af starfinu, bæði á deildarfundum og í daglegu starfi. Mat er bæði formlegt og óformlegt og byggir á skráningum, ljósmyndum, frásögnum barna, viðtölum við foreldra, spurningalistum og huglægu mati starfsfólks. Einnig eru notuð stöðluð matstæki til að greina þroska og hegðun barna. Allt þetta stuðlar að gagnrýnni hugsun og umbótamiðuðu starfi.

9. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011)

Clark, A. (2010). *Transforming children's spaces: Children's and adults participation in designing learning environments* (Kafli 1). Routledge.

Elva Önundardóttir. (2010). „Þetta er besti dagur lífs míns“ – Samfélagið í einingakubbum. Í J. Einarsdóttir & Ó. P. Jónsson (Ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. xx–xx). Háskólaútgáfan.

Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Leikur og nám á mótum skólastiga*. RannUng.

Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í J. Einarsdóttir & Ó. P. Jónsson (Ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. xx–xx). Háskólaútgáfan.

Lög um leikskóla nr. 90/2008. (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Mannauðsstefna Hafnarfjarðar. (2016). *Mannauðsstefna Hafnarfjarðarbæjar 2020*. Sótt af https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2022/11/Mannauðsstefna-Hafnarfjarðarbæjar_2020.pdf

Sameinuðu þjóðirnar. (1989). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. <https://www.unicef.org/iceland/barnasattmalinn>

Skólastefna Hafnarfjarðar. (2009). *Skólastefna Hafnarfjarðarbæjar*. Sótt af <https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2022/11/skolastefnahf2009utgafa.pdf>

52. grein barnalaga nr. 76/2003. (2003). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2021). *Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021*. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021086.html>

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik-, grunn- og framhaldsskóla og nemendaverndarráð nr. 584/2010. (2010). <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/584-2010>